
263. Anna Kolbrún Árnadóttir (Indlæg)

Herra forseti. Ég vil einnig byrja á því að þakka ráðherranum fyrir greinargerðina. Síðastliðið ár höfum við upplifað mikla samfélagslega umbyltingu í kjölfar metoo-hreyfingarinnar. Jafnréttisráðherrar Norðurlanda samþykktu nýlega að setja á laggirnar viðamikla rannsóknaráætlun um kynferðislega áreitni í atvinnulífinu og Norræna upplýsingamiðstöðin um kynjafræði, NIKK, er nú að framkvæma undirbúningsrannsókn til að geta lagt fram tillögur um tilhögun rannsóknaráætlunarinnar. Teknir hafa verið frá peningar til að fjármagna rannsóknir næstu árin. Í tengslum við þetta þarf að móta áætlun, hvernig rannsóknin eigi að vera. Það þarf að kanna hvort fleiri svið geti tekið þátt í starfinu framvegis og til framtíðar. Mikilvægt er að þetta málefni verði ekki aðeins á könnu jafnréttisráðherranna heldur er mjög mikilvægt og jafnvel nauðsynlegt að fleiri aðilar og geirar komi að málinu. Ég vil því ljúka máli mínu á því að spyrja ráðherrann hvað hans svið geti lagt af mörkum til þessa mikilvæga málefnis.

Skandinavisk oversættelse:

Hr. præsident. Jeg vil også begynde med at takke ministeren for redegørelsen. Sidste år oplevede vi en stor samfundsmæssig omvæltning i kølvandet på Metoo-bevægelsen. De nordiske ligestillingsministre vedtog for nyligt at iværksætte et omfattende forskningsprogram om seksuel chikane i arbejdslivet, og Nordisk information for kundskab om køn, NIKK, er nu i gang med et pilotforskningsprojekt med henblik på at kunne fremlægge et forslag til udformningen af forskningsprogrammet. Der er reserveret midler til finansiering af forskningen i de kommende år. I denne forbindelse er der behov for at udforme en plan for, hvordan forskningen skal tilrettelægges. Der er behov for at undersøge, om der er flere sektorer,

der kan deltage i arbejdet nu og i fremtiden. Det er vigtigt, at dette tema ikke bliver ligestillingsministrenes ansvar alene. Det er vigtigt og endda nødvendigt, at flere parter og sektorer bliver involveret. Afslutningsvis vil jeg spørge ministeren om, hvordan ministerens sektor kan bidrage til denne vigtige sag.

Information

Tal nummer

263

Typ

Indlæg

Person

[Anna Kolbrún Árnadóttir](#)

Speaker role

Midtergruppens talsperson

Datum

30.10.19 16:21

Ärende

[Kulturpolitisk redogörelse \(Dokument 15/2019\)](#)